

Fundargerð Aðalfundar 2004

Aðalfundur Skýrslutækni félags Íslands á Grand Hótel Reykjavík

29. janúar 2004

kl. 14:00- 16:30

Jóhann Gunnarsson var einróma kosinn fundarstjóri og staðfesti hann að fundurinn væri löglegur.

1. Skýrsla stjórnar fyrir árið 2003

Eggert Ólafsson formaður Ský flutti skýrslu stjórnar

2. Skýrslur nefnda og starfshópa

a) Orðanefnd

Sigrún Helgadóttir formaður Orðanefndar flutti skýrsluna.

Nefndin hélt 36 fundi í fyrra sem eru óvenju margir en stjórnúðust af ákv. verkefni. Orðanefndin sótti um styrk í fyrra til Norræns málráðs, sem er sérstaklega ætlað til að styrkja framgang: íslensku, samísku, færeysku og grænlenzku og fengu 125.000,- dansk krónur. Orðanefndin réð Stefán Briem til að endurskoða tölvuorðasafnið á netinu. Hann hefur lagt í þetta sjö mánaða vinnu, hálfan daginn, en afraksturinn er ca 1200 ný orð og hugtök sem er nú aðgengilegt á vefsvæði orðanefndarinnar <http://www.ismal.hi.is/ob/birta/>. Er orðanefndin að hugleiða að sækja um 600.000 kr.styrk frá Nordplus Sprak til að vinna sérstaklega að því að setja inn skilgreiningar. Draumur orðanefndarinnar er að taka tölvuorðasafnið og steypa nýju og endurskoðuðu safni saman í bók, yrði það fjórða útgáfa. Orðanefndin á um eina milljón króna á bankabók, hefur fengið t.d. 100.000 kr.styrk frá Ólíufélaginu, 100 þús.kr.styrk frá VKS, 200 þús.frá Ský og 500 þús. frá menntamálaráðuneytinu.

b) Ritnefnd Tölvumála

Einar H. Reynis formaður ritnefnda flutti skýrslu ritnefndar.

c) FUT

Svana Helen Björnsdóttir sem er fulltrúi Ský í FUT sagði frá starfsemi FUT, en skýrslu FUT má finna á þessum tengli: <http://www.sky.is/files/523.do>

d) SARÍS

Arnaldur Axfjörð flytur skýrslu SARÍS, Arnaldur var staðgengill Rúnars Más Sverrissonar því hann komst ekki. Ekki hefur verið mikið starf innan SARÍS síðan "Tilrauna-samfélags" verkefnið varð að veruleika.

3. Reikningar félagsins fyrir árið 2003

Svana Helen Björnsdóttir gjaldkeri félagsins lagði fram reikninga félagsins og skýrði frá þeim. Rekstrartekjur eru næstum þær sömu og í fyrra en eru gjöld þó mun lægri, og var hærri framlegð af ráðstefnuhaldi en í fyrra. Það er því meiri tekjuafgangur en við þorðum að vona. Reikningar félagsins voru samþykktir samhljóða.

4. Lagabreytingar

Ekki voru lagðar fram tillögur að lagabreytingum.

5. Ákvörðun félagsgjalda fyrir árið 2004

Svana Helen Björnsdóttir skýrði frá því að félagsgjöld Ský hefðu haldist óbreytt í tvö ár, en að stjórn legði til að hækkunin fyrir árið 2004 yrði 3,8% . Sú tillaga var samþykkt samhljóða.

Stefán Kjærnested kynnti hugmyndir að breyttum félagsgjöldum. En sú hugmynd byggist á gull- silfur- og bronsaðild. Fyrirtækjum yrði boðið að kaupa ákveðinn pakka sem innihéldi ákveðin fjölda sæta á ráðstefnur, félagsaðildar og Tölvumála. Einnig myndu þessi fyrirtæki geta auglýst sig á glærukynningum á ráðstefnum félagsins og eða í ráðstefnugögnum.

Nokkrar athugasemdir komu fram við þetta módel frá fundarmönnum.

- Vantar gulrótina fyrir starfsmenn fyrirtækja, að þeir vilji vera félagar, þannig að þetta verði hluti af starfskjörum að vera í Ský. Mætti til dæmis vera aðgangur að einni ráðstefnu.
- Gott að fá inn styrktaraðila en erfitt að hafa einn rísa, fyrirtæki líður ekki líða vel í skugganum af öðru fyrirtæki.
- Varað er við því að fara út í breytingar sem ekki hafa fyrirsjáanleg áhrif og ekki er hægt að bakka út úr aftur. Fara verði varlega.

Fundurinn vísar þessu máli til næstu stjórnar.

6. Stjórnarkjör

Svana Helen Björnsdóttir gefur kost á sér sem formaður félagsins og er hún sjálfkjörin. Ebba Þóra Hvannberg og Arnaldur Axfjörð bjóða sig fram til tveggja ára. Og eru þau sjálfkjörin til tveggja ára.

Einar H. Reynis og Jóhann Kristjánsson bjóða sig fram til eins árs og þar með er stjórnin fullskipuð.

Þá voru kosnir tveir varamenn í stað Arnaldar Axfjörð og Ebbu Þóru Hvannberg, en Hilmar Karlsson og Þorvaldur Jacobsen gáfu kost á sér og er voru þeir kosnir sem varamenn.

7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Sigurjón Pétursson og Jakob Sigurðsson gefa kost á sér aftur og var það samþykkt samhljóða.

8. Nefndakjör

Einar H. Reynis gefur kost á sér aftur sem ritstjóri ritnefndar, ekki voru aðrir sem gefa kost á sér.

Siðanefnd er sjálfkjörin aftur.

Stjórn félagsins skipar Orðanefnd og þess vegna verður hún ekki í kosningu hér.

9. Önnur mál

Stjórn ákvað að heiðra Óttar Kjartansson og bjóða honum að gerast heiðursfélagi í Skýrslutækni félaginu en Óttar var fyrsti ritstjóri eða ábyrgðarmaður Tölvumála, og jafnframt var hann framkvæmdastjóri til margra ára.

15 manns voru viðstaddir.

Ritari var Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri Skýrslutækni félagsins.